



Fornleifaskráning
vegna deiliskipulags í landi Innri
Njarðvíkur, Gullbringusýslu
3. áfangi



Bjarni F. Einarsson
2005

Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 119. Horft til SA. Ljósm. B.F.E.

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Reykjanesbæ
Apríl 2005


Inngangur

Að beiðni Reykjanesbæjar kannaði Fornleifafræðistofan svæði í Innri Njarðvík vegna deiliskipulags á svæðinu. Þegar hafa tvö svæði verið skoðuð í Innri Njarðvík með tilliti til fornleifa sbr. skýrslur þar um (áfangi I og II). Í þessum þriðja áfanga var svæði upp af Kópu í stefnu að Reykjanesbraut kannað á vettvangi.

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá, Friðlýsingarskrá og Sögu Njarðvíkur.

Vettvangsvinna fór fram þann 12. apríl síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar þó það hafi ekki gerst í þessu tilviki. Haldið var áfram að gefa hlaupandi númer.

Utan við hið kannaða svæði varð vart fornleifa sem ekki voru skráðar. Skipuleggjendur svæðisins eru Kanon arkitektar ehf, en verkkaupi Reykjanesbær.



Mynd 1. Svæði það sem kannað var í Innri Njarðvík (á milli rauðu línanna). Teikning: Kannon arkitektar ehf. Viðbætur: BFE.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. Þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.



Mynd 2. Loftmynd af hluta hins kannaða svæðis 3. áfanga í Innri Njarðvík með fornleifum. Hvíta línan sýnir hluta af mörkum hins kannaða svæðis til vesturs. Vestan þeirra hafa fornleifar verið skráðar í öðru samhengi. Ljós. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði fimm staðir með fimm minjum.

Af þessum fimm stöðum telst enginn hafa hátt minjagildi, tveir staðir hafa talsvert minjagildi og þrír lítið minjagildi. Talsvert varðveislugildi hafa þrír staðir og lítið varðveislugildi tveir.

Í ágætu ástandi voru þrír staðir, hinir tveir í sæmilegu.

Einn staður var talinn í mikilli hættu vegna landeyðingar (sjávarágangs), en aðrir staðir voru í lítilli hættu vegna ábúðar (umferðar manna, skeppna og véla). Hættumatið byggir á því að skipulag byggðar taki mið af fornleifunum og hóti þeim ekki né raski á nokkurn hátt. Verði ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Hættumat er því skilgreint út frá þeirri forsendu að fornleifunum verði ekki hótað af skipulaginu.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætti	Ástand	Aktur	Varðveislugildi	Minjagildi	Fríðlýst
119	Rúst	1	Ábúð	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Talsvert	Nei
120	Fornleið	1	Ábúð	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Lítið	Nei
121	Varða	1	Ábúð	Lítil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Lítið	Nei
122	Rúst	1	Ábúð	Lítil	Sæm.	1900-	Lítið	Lítið	Nei
123	Brunnur	1	Landeyðing	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Talsvert	Nei
5 staðir			5 fornleifar						

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar. Bent skal á að hættumatið miðast við núverandi ástand og að ekki verði byggt ofan á rústirnar né í næsta nágrenni þeirra (sjá nánar fornleifaskrá).

Allar fornleifarnar eru taldar vera frá tímabilinu 1550 – 1900 nema rúst nr. 122 sem virðist ekki ýkja gömul. Fornleifar nr. 119 og 120, brunnur og fornleið, gætu vel verið mun eldri eða frá hámiðöldum. Engar fornleifar þykir ástæða til að merkja á almenn kort.

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

Niðurstaða

Alls fundust fimm staðir með fimm fornleifum eða minjum á svæði því sem kannað var nú í 3. áfanga sbr. mynd 1 og 2.

Ef mikilvægt reynist að farga þeim fornleifum sem hafa lítið minjagildi ætti mótvægisáðgerða ekki að vera þörf. Leyta þarf þó leyfis Fornleifaverndar ríkisins til þessa og sæta settum skilmálum embættisins.

Öðru máli gegnir um þær fornleifar sem talðar eru hafa talsvert minjagildi, þær þarf að rannsaka sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla og annara ökutækja með tilliti til fornleifa. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Merkilegustu fornleifarnar sem skráðar voru eru fornleifar nr. 119 og 123. Þær gætu verið frá hámiðöldum eins og að framan greinir.

Fornleifar nr. 119 eru trúlega beitarhús þó þær séu af all sérstakri gerð með þrjú hólfi við annan endann en ekki eitt eins og hefði mátt búast við. Undir þeim gætu leynst eldri minjar sem skýra þessi þrjú hólfi eða að hólfi A sé mun yngri en hin?

Fornleifar nr. 123 er brunnur sem virðist vera mjög vel farinn þó hann sé í dag fullur af grjóti (frá sjávar kambinum) og drasli. Hann mætti vel hreinsa og varðveita svo að vel fari. Til gamans má benda á að hann er býsna líkur svonefndum Ingólfsbrunni (Póstinum) við Aðalstræti í Reykavík. Sá brunnur er þó ekki eldri en frá Innréttingunum á seinni hluta 18. aldar.

Heimildir

- Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur.* Þjóðsaga ehf. Reykjavík 1996.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.
- Örnefnaskrá. Innri Njarðvík. Handrit. Örnefnastofnun.

Fylgiskjal:

Fornleifaskrá Reykjanesbæjar nr. 119 – 123.

Fornleifaskrá

A>alnr.

119

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Táknatala

2200

Landareign

Innri-Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.506 W 022°29.580

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

6

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjárhús

Fjöldi

1

Hættumat

Abúð

Hætta

Lítill

Ástand

Agætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags

12.04.2005

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Um 40 m suður af fornleið (fornleifar nr. 120), í grasi gróinni brekkurót.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.


11 x 16 m (ASA - VNV). Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

Fimm hólf eru á rústinni (hólf A - E). Dyr eru á hölfum A, B og C til VNV. Dyrnar á hólfi C eru inn í hólf A. Á hólfi D eru dyr til SSV, en í hólfi E voru dyr ekki greinanlegar.

Veggir í hólfi A eru nær einvörðungu úr grjóti og breiðari en veggir hinna hólfanna. Aðrir veggir eru vel grónir grasi og víða má sjá garðlög í hölfum B - D að innanverðu. Gólf eru öll vel gróin.

Hólf E virðist vera veigaminna mannvirki (eldra - ekki þak?).

Teikninguþýðing



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Aðalnr.

120

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri-Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.534 W 022°29.516

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

6

Tegund minja

Fornleið

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Abúð

Hætta

Talsverð

Ástand

Agætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Litið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags

12.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Leiðin liggur frá Innri Njarðvík austur í átt að Vogum. Liggur hún yfir holt og hæðir, um 40 m N af fornleifum nr. 119.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fornleið.

Leiðin er víða um 2,5 m breið og allt að 0,5 - 0,6 m djúp. Þegar leiðin liggur frá Innri Njarðvík, hjá Kopu, skiftir hún sér í nokkrar leiðir. Liggur ein eða fleiri undir sjávarkambi. Eru þær líklega elstar. Þegar upp á hæðina er komið liggur leiðin í einni rás austur.

Leiðin er mjög falleg og gæti verið mjög forn, jafnvel eldri en 1550.

Hugsanlega er leiðin vörðuð sbr. fornleifar nr. 121 og vörðubrot sem sást austur af þeim stað sem skoðaður var (og ekki skráður nú).

Leiðin hefur væntanlega legið frá kirkjustaðnum í Innri-Njarðvík að Vogum á Vatnsleysuströnd.

Fornleifastjórnun



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Aðalnúmer

121

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri-Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.568 W 022°29.695

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

-

Skekkja

6

Tegund minja

Varða

Tilgáta

Sundavarða

Fjöldi

1

Hættumat

Ábúð

Hætta

Lítill

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Ca. 10 m N af fornleið (fornleifar nr. 120), á lágu grasi grónum hól í holti. Um 50 m frá sjávarhömrum.

Heimildir og munnmæli

Innri-Njarðvíkur. Örnefnaskrá. Ari Gíslason skráði. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing

Varða.

Varðan er um 2 m í þvermál og 0,8 m há. Neðstu steinar eru huldur grasi eða sinu. Efstu steinarnir eru nýlega lagðir í vörðuna.

Varðan gæti hafa varðað fornleiðina eða verið sundavarða.

Fotmyndir



Fotmyndir



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Aðalnúmer

122

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri-Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.572 W 022°30.018

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

6

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Abúð

Hætta

Lítill

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1900-

I eyði

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.04.2005

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Ca. 20 m S af sjávarkambi. Liggur fornleið (fornleifar nr. 120) bæði sjávar- og land megin við rústina. Í grasi gróinni brekku sem liggur niður að vikinni (Kópu).

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

3,5 x 4 m (N - S). Veggir úr grjóti, 1,2 m breiðir og 0,3 - 0,7 m háir. Dyr eru á miðjum N - vegg og snúa mót N.

Garðlög sjást á stöku stað bæði að utan sem innan.

Á gólfi rústarinnar er drasl úr plasti og tré.

Tilvísunir og myndir

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

Fornleifaskrá

A>alnr.

123

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri-Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.580 W 022°30.110

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

6

Tegund minja

Brunnur

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Hættu

Ástand

Aldur

Í eyði

Landeyðing

Mikil

Ágætt

1550-1900

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.04.2005

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Um 1 m innan við sjávarbamb í Kópu. Í grónum hvammi. Liggur fornleið bæði sjávar- (undir sjávarbambinum) og land megin við rústina.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Brunnur.

Brunnopið er um 1,2 m í þvermál. Utan um það er dálítil hækkun eða bunga sem er um 4 m í þvermál. Hún gæti verið leifar af brunnhúsi.

Brunnurinn er í dag um 0,5 - 0,8 m djúpur, en hann er fullur af grjóti, plasti og timbri. Innan í brunnopinu sér í hleðslur allt um kring.

Brunnurinn er fallegur og það þyrfti að hreinsa hann og verja gegn ágangi sjávar og börnum að leik.

Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir